

BORGARRÁÐ 13. ágúst 2020: Tillaga um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi - R18060129

Lagt er til að borgarráð samþykki tímabundin frávika frá skilyrðum ákvæða 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga með vísan til auglýsingar nr. 780/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðaákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Til og með 1. september 2020 verður heimilt að nota fjarfundabúnað á fundum borgarstjórnar, borgarráðs, fagráða samkvæmt B-lið 63. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og annarra nefnda samkvæmt B-lið 64. gr. samþykktarinnar, eftir því sem við á. Notkun fjarfundabúnaðar skal að jafnaði vera í samræmi við ákvæði í leiðbeiningum um notkun fjarfundabúnaðar á fundum sveitarstjórna nr. 1140/2013 og verklagsreglum Reykjavíkurborgar um fjarfundi, þó þannig að meirihluti fundarmanna þarf ekki að vera á boðuðum fundarstað eins og fram kemur í 5. gr. leiðbeininganna. Einnig verður fundargerð borgarstjórnar áfram staðfest og yfirfarin af forseta borgarstjórnar og skrifurum, sbr. ákvæði 8. gr. leiðbeininganna.

Greinargerð:

Alþingi samþykkti í vor breytingar á sveitastjórnarlögum sem ætlað var að skapa sveitarfélögum svigrúm til að bregðast við neyðarástandi og tryggja að sveitarstjórnir verði starfhæfar. Breytingarnar kveða á um að ráðherra geti veitt sveitarstjórnnum tímabundna heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að sveitarstjórn sé starfhæf við neyðarástand og til að auðvelda ákvarðanatöku. Þetta er gert til að bregðast við aðstæðum sem hafa skapast vegna Covid-19 kórónuveirufaraldursins. Fyrri ákvörðun samgöngu- og sveitastjórnarráðherra gildi til 18. júlí 2020 en hefur nú verið framlengd til 10. nóvember 2020.

Gildandi takmarkanir á samkomum gilda til 13. ágúst 2020. Þar kemur fram að hvar sem fólk kemur saman og í allri starfsemi verði viðhöfð sú regla að hafa a.m.k. tvo metra á milli einstaklinga en að sú ráðstöfun er ekki lengur valfrjálst. Tryggja verður nú tveggja metra fjarlægð í fundarsal fyrir þá kjörnu fulltrúa sem mæta á fundarstað ráða og nefnda Reykjavíkurborgar auk þess sem lagt er til að kjörnum fulltrúum verði áfram veittur kostur á því að taka sæti á fundum með fjarfundabúnaði. Á meðan tveggja metra reglan er í gildi skulu gestir að jafnaði taka sæti á fundum með fjarfundabúnaði.

Í tillögunni sem nú er lögð fyrir borgarráð, sem fer með heimildir borgarstjórnar í sumarleyfi hennar, er gert ráð fyrir að fjarfundabúnaður verði áfram heimilaður á fundum borgarstjórnar, borgarráðs, fagráða og annarra nefnda Reykjavíkurborgar til næsta reglulega fundar borgarstjórnar sem haldinn verður 1. september nk.